

Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
23 JUNI 2010 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2010
Tilvísun: UST20100100190/áb

Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020. Suðvesturlínur.

Vísað er til erindis bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar dags. 24. nóvember 2009 sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.

Fyrirhugaðar breytingar eru hluti af stærra verkefni Suðvesturlína sem eiga að styrkja flutning raforku á milli raforkuvera og neytenda á Suðvesturlandi. Samkvæmt erindi: *"Breytingin felst í tvöföldun á núverandi háspennulínu (Reykjaneslínu) Grindavíkurmegin við sveitarfélagsmörk að Reykjanesbæ, milli Stampahrauns og Vörðugjár. Einnig tengingu Svartsengislínu 1 við núverandi Fitjalínu við Rauðamel. Tengivirki við Rauðamel verður fjarlæggt."*

Landslag og ásjón

Ein helstu umhverfisáhrif af lagningu Suðvesturlína eru á landslag. Til að minnka heildaráhrif framkvæmdarinnar er lögð til sú mótvægisáðgerð að fjarlægja eldri línur á núverandi línuleið. Sú ráðstöfun nær ekki til línulagna innan sveitarmarka Grindavíkurbæjar. Umhverfisstofnun telur að ásjónaráhrif verði minni ef möstur nýrra lína standist á við möstur fyrirliggjandi lína. Á heildina litið mun framkvæmdin fela í sér aukinn sýnileika háspennulína á svæðinu og því rýra landslag og sjónræna upplifun. Hins vegar verður tengivirkni við Rauðamel fjarlæggt, sem ætti að draga úr neikvæðri upplifun og áhrifum á landslag ef því fylgir fullnægjandi frágangur.

Jarðmyndanir og náttúruvernd

Slóðagerð og uppsetning mastra mun raska hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdin mun einnig þvera svæði á náttúruminjaskrá (Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg). Ný lína verður lögð samsíða eldri línuleið á þessu svæði, sem ætti að lágmarkar rask á hrauni. Umhverfisstofnun leggur til að möstur verði látin standast á við möstur eldri lína, til að draga úr sjónrænum áhrifum línunnar. Ef samnýting slóða er ekki möguleg ber að hlífa hrauni og einstaka jarðmyndunum eins og kostur er við lagningu slóða og plana fyrir möstur. Leggja ætti efni út í stað þess að ryðja leið gegnum hraunið. Þannig mætti endurheimta landið sem fer undir vegi og plön ef línurnar verða fjarlægðar í framtíðinni.

Gróðurfar og vatnsvernd

Framkvæmdaraðili fyrir Suðvesturlínur hefur staðið fyrir rannsókn á sýnilegum

gróðurskaða við háspennumöstur á Suðvesturlandi, en rekja má skaðann til sinks sem veðrast af háspennumöstrum. Sem mótvægisáðgerð er lagt til að hafa línuvegi og plön undan helstu úrkomuátt við ný möstur, ásamt því að tryggja möstur með hágæða sinkhúð frá framleiðanda.

Suðvesturlínur liggja að mestu yfir grannsvæði vatnsverndar í Grindavík. Umhverfisstofnun telur jákvætt að framkvæmdaraðili fari ekki í framkvæmdir yfir vetrarmánuði, þegar meiri líkur eru taldar á mengunarslysum. Út frá vatnsverndarsjónarmiðum telur Umhverfisstofnun að lágmarka ætti umferð um línuslóða, að aflokinni framkvæmd með því að loka línuveginum fyrir almennri umferð.

Fuglar


Samkvæmt skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar & Ólafs Einarssonar 2009, Fuglar og gróður á línuleiðum á Suðvesturlandi er eitt stærsta kríuvarp landsins á hverasvæði á Reykjanesi og mikið máfavarp kringum Reykjanesvirkjun, þar með talið varð Svartbaks, sem er á válista. Samkvæmt fyrri umsögn (2005) Umhverfisstofnunar um breytingu á legu 220 kV háspennulínu Reykjanes - Rauðimelur, kemur fram að "í viðauka með matsskýrslu sé að finna minnisblað um áhrif framkvæmdarinnar á fugla eftir Jóhann Óla Hilmarsson fuglafræðing. Þar komi fram að áflugshætta vegna fyrirhugaðrar línu sé ekki talin mikil, en rannsóknir skorti þó á flugleiðum fugla á þessari leið. Hætta gæti verið nokkur nærri máfavarpinu. Lagt sé til, að ef línan rísi, verði fugladauði af hennar völdum vaktaður og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef í ljós komi að mikið af fuglum farist á tilteknum stöðum. Umhverfisstofnun tekur undir þetta sjónarmið." Í svörum Hitaveitu Suðurnesja kom fram "að tekið sé undir framkomnar ábendingar varðandi vöktun á fugladauða af völdum línunnar en að mati Hitaveitunnar muni áflugshætta af völdum háspennulínunnar ekki aukast við breytta legu línunnar." Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að áhrif línulagnar á þessu svæði verði vöktuð eins og fram hefur komið og að settar verði varnarmerkingar þar sem áflug reynist markvert.

Niðurstaða

Á skipulagsstigi Suðvesturlína hefur einsog kostur er verið tekið mið af því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif. Til marks um það eru viðbótarlínur lagðar meðfram fyrirliggjandi línunum og gamlir línuslóðar notaðir eins og kostur er. Samnýting slóða ætti að samræmast vel við að ný möstur verða látin standast á við möstur eldri línu. Vegna mengunarhættu telur Umhverfisstofnun mjög brýnt að sérstök varúð verði viðhöfð við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum við lagningu nýrra lína í landi Grindavíkur. Við lok framkvæmda er mikilvægt að gerðar ráðstafanir til að takmarka alla ótilheyrandi vélknúna umferð eftir línuslóðunum. Umhverfisstofnun telur að það eigi að vakta áflug fugla á línuleiðinni og að settar verði upp varnir við áflugi þar sem það reynist markvert.

Virðingarfyllt


Ásgeir Björnsson
sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun